



Ljómynst: Gæðasmíði ehf.

Útlendingastofnun

Dalvegur 18, Kópavogur

Útlendingastofnun flutti starfsemi sína úr Skógarhlíð 6 yfir á Dalveg 18 í Kópavogi í desember 2017. Áður höfðu staðið yfir breytingar á húsnæðinu sem framkvæmdar voru undir eftirliti Framkvæmdasýslu ríkisins. Frá árinu 2000 til fyrri hluta árs 2017 var húsnæðið leigt undir starfsemi sýslumannsins í Kópavogi sem tilheyrir nú Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Verkkaupi:	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Ráðuneyti:	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Notandi/leigutaki:	Útlendingastofnun
Leigusamningur / hönnunarferli ráðgjöf, umsjón og eftirlit:	Ármann Óskar Sigurðsson, Róbert Jónsson og Sigurður Norðdahl, verkefnastjórar hjá Framkvæmdasýslu ríkisins
Leigusali:	Málning hf.
Tengiliður leigusala:	Kristján Ásgeirsson, fjármálastjóri Málningar hf.
Tengiliður Útlendingastofnunar:	Kristín Völundardóttir Helga Jóhannesdóttir
Tengiliður fjármála- og efnahagsráðuneytis:	Hrafn Hlynsson
Hönnun á vegum verkkaupa:	Go-Form ehf., arkitektar
Stærðir:	Útlendingastofnun 1.142,5 m ²
Leigusamningur:	Tímabundinn til 25 ára. Hann gildir til 1. júlí 2026. Samningurinn var upphaflega undirritaður í apríl 2000.
Leiguverð:	2.486 kr. pr. fermeter húsnæðis og miðast við desember 2017. Leigan ber ekki vsk. Húsaleiga miðast við grunnvísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir janúar 2000 eða 194 stig.
Afhending húsnæðis:	15. desember 2017.

Helstu samstarfsaðilar Útlendingastofnunar á Íslandi eru dómismálaráðuneyti, Reykjanesbær, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Fjölmennigarsetur, ríkislögreglustjóri, lögreglan, Vinnuámalstofnun, utanríkisráðuneytið, sýslumenn og Rauði krossinn.

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum dómismálaráðuneytisins og starfar samkvæmt lögum nr. 80/2016 um útlendinga, reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 og reglugerð um vegabréfsáritanir nr. 1160/2010. Umfangsmesti þátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa. Útlendingastofnun afgreiðir allar umsóknir um dvalarleyfi, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku, fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, vegabréfsáritanir og umsóknir um alþjóðlega vernd. Þess utan sinnir Útlendingastofnun margvíslegum verkefnum á sviði útlendingamála.